

Föstudaginn 6. október 1944.

Nr. 77/1944. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson).  
gegn

**Leifi Guðmundi Pálssyni**  
(Garðar Þorsteinsson).

Ölvun við akstur bifreiðar.

### Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að svipting ökuleyfis, 3 mánuði, skal teljast frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 220 krónur til hvors.

Það athugast, að skýrsla hefur ekki verið tekin af Jóhannesi þeim Finnssyni, er í héraðsdómi greinir og talinn er hafa neytt áfengis með kærða að kvöldi 7. apríl s. l.

### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að svipting ökuleyfis telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Leifur Guðmundur Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 220.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur lögregluréttar Ísafjarðarsýslu 19. apríl 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 19. apríl, var í lögreglurétti Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu bæjarfógeta af Jóh. Gunnari Ólafssyni, sýslumanni, kveðinn upp dómur í ofanefndu máli, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Leifi Guðmundi Pálssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis í Hnífsdal, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935 og bifreiðalögum nr. 23/1941.

Kærði, Leifur G. Pálsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hnifsdal 28. nóv. 1918.

Hann hefur ekki sætt neinni refsingu áður, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 20,30 föstudaginn 7. þ. m. lagði kærður af stað frá veitingahúsinu Uppsölum hér í bænum í bifreiðinni Í 47 áleiðis upp að Seljalandsmúla, en ferðinni var heitið upp í Skiðaskála, en þar átti að fara fram kvöldsKemmtun á vegum skíðavikunnar.

Kærður ók sjálfur bifreiðinni, en á palli hennar stóð allmargt fólk, sem einnig ætlaði upp í Skiðaskálann. Ók hann síðan bifreiðinni upp að Seljalandsmúla, en fór þaðan gangandi upp að Skiðaskálanum ásamt hinu fólkinu.

Uppi í Skiðaskálanum dvaldist kærður þar til kl. rúmlega 24, en þá lagði hann af stað heimleiðis ásamt fleira fólki. Þegar komið var niður að bifreiðinni, var hópur manna þegar kominn upp á pall bifreiðarinnar. Það þá kærður fólkið að fara niður af pallinum, meðan hann sneri bifreiðinni við, en áður en hann hafði lokið því, hafði fólkið aftur farið upp á pall bifreiðarinnar, svo margt sem staðið gat á honum. Í því er kærður var að aka af stað, kom kippur á bifreiðina, sem kærður telur stafa af því, að annað afturhjól hennar hafi lent niður í dæld á veginum. Við þetta féllu nokkrir þeirra, er stóðu á palli bifreiðarinnar, ofan af honum, en enginn hlaut veruleg meiðsl, nema stúlkan Arndis Stefánsdóttir.

Féll hún niður með bifreiðinni, og kom annað afturhjólíð við vinstri fót hennar, og hlaut hún nokkurn áverka við það. Hefur hún lýst því yfir fyrir rétti 17. þ. m., að hún geri enga bótakröfu vegna meiðsla þessara. Eftir þetta ók kærður bifreiðinni til Ísafjarðar, og kom ekkert óhapp fyrir eftir þetta.

Kærður hefur viðurkennt að hafa neytt áfengis þetta kvöld uppi í Skiðaskálanum ásamt Kristjáni Torfasyni og Jóhannesi Finnssyni frá kl. 21—21,30. Hafi þeir drukkið úr einum whisky-pela, er á hafi verið líkör.

Kærður hefur viðurkennt að hafa fundið á sér nokkur vínáhrif eftir neyzlu þessa áfengis, enn fremur hefur hann viðurkennt, að hann þoli illa áfengi, þ. e. þurfi litið til að finna á sér.

Vitnin Þorleifur Guðmundsson og Daniel Eyjólfur Sigmundsson hafa bæði borið það og staðfest þann framburð sinn með eiði, að þeim hafi virzt kærður vera undir áhrifum vins, er hann kom að bifreiðinni laust eftir kl. 24 um kvöldið og ók henni til Ísafjarðar, svo sem fyrr segir.

Hins vegar hefur eitt vitnið borið það, að það hafi ekki séð, að kærður væri undir áhrifum áfengis, og sat þetta vitni við hlið hans á leiðinni út á Ísafjörð. Þá hefur vitnið Óli Jóhannes Sigmundsson borið það, að hann hafi séð kærðan undir áhrifum áfengis í Skiðaskálanum, en ekki man vitnið, hvað klukkan var þá.

Aftur kveðst vitnið hafa séð kærðan þetta sama kvöld laust eftir kl. 24, er hann var að leggja af stað heimleiðis á bifreiðinni, en þá kveðst hann ekki hafa veitt kærðum það mikla athygli, að það geti um það borið, hvort hann væri undir vináhrifum, en kveðst telja, að svo hafi verið, og dregur þá ályktun m. a. af því, að kærður hafi ekki numið staðar strax, er fólkið féll af bifreiðinni, og enn fremur, að hann hafi svarað kæruleysislega til, er honum hafi verið sagt, að fólk hafi dottið ofan af palli bifreiðarinnar og sennilega meiðzt.

Kærður hefur borið það, að hann hafi ekki strax orðið þess var, er fólkið féll af palli bifreiðarinnar, og ekki hafa heyrt kallað til sín að nema staðar, fyrr en bifreiðin hafi runnið fáeina metra áfram.

Vitnið Jón Jónsson hefur borið það, að hann hafi ekki orðið þess var, er fólkið féll af bifreiðinni, og ekki hafa heyrt kallað til bifreiðarstjórans um að nema staðar.

Svo sem að framan greinir, hefur kærður viðurkennt að hafa neytt áfengis á tímabilinu kl. 21—22 kvöldið 7. þ. m. og þá hafa fundið á sér vináhrif.

Frá því að kærður neytti þessa áfengis og þar til hann ekur af stað heimleiðis, liða rúmlega tveir klukkutimar, og verður því að telja samkvæmt framburði vitnanna sannað, að hann hafi þá verið undir vináhrifum.

Með þessu athæfi sínu hefur kærður gerzt brotlegur við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júlí 1941 og 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 38. gr. bifreiðal. og 39. gr. áfengisl. hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Þá ber samkvæmt 38. gr. bifreiðal. og 39. gr. áfengisl. að svipta kærða leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá 17. þ. m. að telja.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með málsvarnarlaun til talsmanns síns, Sigurðar Bjarnasonar alþm., að upphæð 100 krónur. Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Leifur G. Pálsson, sæti varðhaldi í 10 daga. Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá 17. þ. m. að telja. Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með 100 krónur til verjanda síns, Sig. Bjarnasonar alþm. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.